

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/47/EB

2008/EES/78/07

frá 23. maí 2006

um sérstök skilyrði að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni(*)
(kerfisbundin útgáfa)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,

Aðildarríkin skulu, samkvæmt beiðni, gefa út opinbera vottorðið sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 66/402/EBE:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE frá 2. maí 1974 um sérstök skilyrði vegna „*Avena fatua*“ í föðurjurtafræi og sáðkorni⁽²⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

a) ef ræktunin er laus við flughafra þegar opinber akurskoðun fer fram í samræmi við ákvæði I. viðauka við þá tilskipun og ef a.m.k. 1 kg sýni, sem er tekið í samræmi við ákvæði 7. gr. þeirrar tilskipunar, er laust við flughafra þegar opinbera skoðunin fer fram eða

2) Í tilskipun 66/402/EBE er mælt fyrir um vikmörk að því er varðar flughafra í sáðkorni.

b) ef a.m.k. 3 kg sýni, sem er tekið í samræmi við ákvæði 7. gr. þeirrar tilskipunar, er laust við flughafra þegar opinbera skoðunin fer fram.

2. gr.

3) Þessi vikmörk virðast vera of rúm að því er varðar tiltekna kröfur. Í tilskipun 66/402/EBE er því gert ráð fyrir viðbótarkerfingu þegar um er að ræða sáðkorn sem uppfyllir sérstök skilyrði vegna flughafra.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að opinbera vottorðið sé eingöngu gefið út í öðru tilvikanna sem kveðið er á um í 1. mgr.

4) Þau sérstöku skilyrði sem mælt er fyrir um í því sambandi eru þess eðlis að þau uppfylla þessar kröfur en taka jafnframt mið af þeim möguleikum að unnt sé að framleiða og hafa eftirlit með sáðkorni.

3. gr.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

Tilskipun 74/268/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti á lögleiðingu tilskipananna, eins og segir í B-hluta I. viðauka, í aðildarríkjunum. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

6) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka, í aðildarríkjunum.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 7.

(¹) Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).

(²) Stjtið. EB L 141, 24.5.1974, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 78/511/EBE (Stjtið. ESB L 157, 15.6.1978, bls. 34).

(³) Sjá A-hluta I. viðauka.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 3. gr.)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE (Stjtið EB L 141, 24.5.1974, bls. 19)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/511/EBE Stjtið. EB L 157, 15.6.1978, bls. 34)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 3. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
Tilskipun 74/268/EBE	1. júlí 1974
Tilskipun 78/511/EBE	1. júlí 1980

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 74/268/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorðin í 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorðin í 1. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 2. gr.	Ákvæði a-liðar 1. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 2. gr.,	Ákvæði b-liðar 1. gr.
3. gr.	2. gr.
4. gr.	—
—	3. gr.
—	4. gr.
5. gr.	5. gr.
—	I. og II. viðauki